

Reykjavík, 15. mars 1993.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
hr. formaður, Vilhjálmur Egilsson,  
Alþingi.

Sambandi íslenskra sparisjóða hefur borist bréf yðar dags. 25. nóvember 1992 þar sem óskað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði 208 mál.

Samband sparisjóða þakkar hæstvirtri Efnahags- og viðskiptanefnd það tækifæri sem hún veitir sambandinu til að tjá skoðun sína á ofangreindu máli sem varðar grundvöll að tilvist sparisjóðanna.

### Almennar athugasemdir.

Sparisjóðirnir voru fyrstu peningastofnanir á Íslandi og má rekja sögu þeirra elstu til ársins 1858. Engin lög fjölluðu um þessa starfsemi í fyrstu en með tilskipun frá 1874 var settur rammi að starfsemi þeirra. Löggjöf var síðan sett 1915 og hún endurskoðuð 1941 og aftur 1985. Með lögunum nr. 87/1985 fengu sparisjóðirnir loks allar sömu starfsheimildir og viðskiptabankarnir, heimild til stofnunar Lánastofnunar sparisjóðanna og nýs Tryggingasjóðs sparisjóða sem er sameiginlegur tryggingasjóður þeirra allra.

Í dag eru starfandi 33 sparisjóðir í öllum kjördæmum landsins. Rúmlega 5. hver Íslendingur hefur megin viðskipti sín við sparisjóð. Lögin frá 1985 hafa gjörbreytt starfsmöguleikum sparisjóðanna og hefur markaðshlutdeild þeirra í heildarviðskiptum banka og sparisjóða verið að aukast stöðugt ár hvert síðast liðin sex ár. Öllum sem tengjast starfsemi sparisjóðanna er ljóst að megin skýringin á betra gengi sparisjóðanna liggur í sí auknu samstarfi þeirra innan Sambands ísl. sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóðanna og

Tryggingasjóðs sparisjóða m.a. á sviði markaðsmála, vöruþróunar og fjárhagslegrar samvinnu. Þessi samvinna hefur leitt til þess að sparisjóðirnir eru fjórða aflið á íslenskum bankamarkaði í samkeppni við viðskiptabankana þrjá sem nú starfa.

Uppbygging sparisjóða er gjörólík uppbyggingu viðskiptabankanna. Sparisjóðirnir eru hver um sig sjálfstæð stofnun, stjórnað af heimamönnum á hverjum stað og er starfsemi þeirra í reynd bundin því svæði sem þeir starfa á hver um sig. Samstarf þeirra nær síðan ekki lengra en stjórn hvers og eins telur falla að hagsmunum viðskiptavina á sínu svæði. Reyndin er sú að samvinnan er orðin óaðskiljanlegur hluti af starfsemi þeirra hvers og eins og forsenda samkeppni við aðra á bankamarkaðnum á viðkomandi stöðum.

Á s.l. vori var sú spurning lögð fyrir sparisjóðina hvort þeir gætu fallist á að löggjöf um viðskiptabanka sbr. l 86/1985 og um sparisjóði sbr. l 87/1985 sem til stæði að endurskoða vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði yrði felld í þann farveg að um yrði að ræða einn lagabálk fyrir bæði viðskiptabanka og sparisjóði. Að athuguðu máli var svarið jákvætt enda öll grundvallaratriði í starfsheimildum þessara aðila þau sömu. Ljóst var hins vegar vegna gjörólíkrar uppbyggingar bankanna annars vegar og sparisjóðanna hins vegar að um yrði að ræða viðamikinn lagabálk enda hvorugt inn í myndinni þ.e. að gera sparisjóðina að viðskiptabönkum eða viðskiptabankanna að sparisjóðum. Megin atriðin í nýrri lagasetningu yrðu hins vegar þau að taka tillit til væntanlegra alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga á grundvelli samninga þar um og að tryggja að íslenskar bankastofnanir nytu í engu lakari réttar en þær sem keppt yrði við innan Evrópsks efnahagssvæðis hvort heldur þær væru með starfsstöðvar hér á landi eða annars staðar innan efnahagssvæðisins.

Milli 1500-2000 einstaklingar taka þátt í vali á stjórnendum sparisjóðanna og sem næst allir hafa þeir sama atkvæðavægi hver í sínum sparisjóði. Yfir 100 einstaklingar kosnir af sparisjóðsaðilum sitja í stjórnun sparisjóðanna og mæta ásamt daglegum stjórnendum til sameiginlegra funda nokkrum sinnum á ári til að marka stefnu sparisjóðanna auk hefðbundinna stjórnarstarfa. Þessir einstaklingar eru oft forsvarsmen í héraði. Þá tilnefna sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum 1/3 eða 2/5 hluta stjórnarmanna sem líta má á sem fulltrúa almennings á viðkomandi starfssvæði. Þessir fulltrúar mynda almannahagsmuna tengsl við stjórnun sparisjóðanna, tengsl sem ætlað er að tryggja hagsmunum bæði sparisjóðs viðkomandi byggðarlags og þess fólks sem þar býr. Fjöldi sparisjóðanna og stjórnunarleg ábyrgð heimamanna tryggir þannig að allt bankakerfið á Íslandi sé ekki undir stjórnunarlegum áhrifum örfárra aðila heldur skapar valkost sem byggir á valddreifingu.

Eiginfjárstaða sparisjóðanna sem heildar er sterk þó mismunur sé milli einstakra sjóða. Sameiginlega er það eitt helsta verkefni samtaka sparisjóðanna að hafa áhrif á að þessi staða eflist hjá öllum, enda aðstæður þannig að náist ekki hagnaður sem treysti eiginfjárstöðu er ekki um framtíðarrekstur að ræða. Afkoma sparisjóðanna hefur verið viðunandi undangengin ár þrátt fyrir að afskriftaþörf þeirra hafi farið vaxandi og sé hlutfallslega svipuð og hjá viðskiptabönkunum. Á s.l. ári greiddu sparisjóðirnir um 60% af beinum sköttum bankakerfisins og um 7,5% þess tekju og eignarskatts sem ríkissjóður fékk í sinn hlut hjá samtöldum fyrirtækjum í landinu.

Sparisjóðirnir hafa mörg undanfarin ár fylgst náið með því sem er að gerast í Evrópu og þeim leiðum sem leitað er eftir til að tryggja sparisjóðum möguleika á öflun utanaðakomandi eigin fjár. Val leiða er vandasamt og mistök geta verið afdrifarík. Þegar niðurstaða liggur fyrir munu samtök sparisjóðanna kynna þær stjórnvöldum og leggja til að farnar verði leiðir sem raska ekki grundvallarsjónræmið um ákvörðunarvald heimamanna við stjórnun sparisjóðanna. Tillögur þess efnis liggja ekki enn fyrir, en eru hins vegar í mótun. Þegar stefnumótun er lokið munu þær sniðnar að hagsmunum héraðanna- og sparisjóðanna og um leið sem mestu jafnræði við samkeppnisaðilana.

Þegar á allt er litið telja sparisjóðirnir að það frumvarp sem hér er til umsagnar sé mjög viðunandi. Áfram er tryggt samkeppnisstaða og að mestu hliðstæð starfsskilyrði og aðrir á markaðnum njóta. Skýr ákvæði tryggja hnökralausa túlkun en of óljós ákvæði væru til þess fallin að lögum yrði beitt með mismunandi hætti við hliðstæð atvik. Vald eftirlitsaðila er víðtækt samkvæmt frumvarpinu og nauðsynlegt að meta rækilega hvort slíkt vald sé betur komið hjá faglegum eftirlitsaðila eða hinu pólitíska valdi. Hvort heldur verður þurfa að vera skýr ákvæði um áfrýjunarrétt telji aðilar rétti hallað. Þá verður að telja að VII. kafli frumvarpsins sé óþarflega ítarlegur. Stjórn Sambands ísl. sparisjóða hefur óskað eftir ábendingum frá einstökum sparisjóðum um þau atriði sem þeir teldu að athuga þurfi nánar í frumvarpi þessu og fara hér á eftir þau helstu sem fram hafa komið.

## **Athugasemdir við einstakar greinar**

### **Um 10. gr.**

Rétt verður að telja að vísað sé til 11.-13. gr. auk 101. gr.

## Um 36. gr.

### Nýr 4. málsl. 1. mgr.

"Með samþykki ráðherra skal heimilt að í sparisjóði séu þrír stjórnarmenn og skulu þá tveir kjörnir af stofnfjáreigendum en einn af viðkomandi sveitastjórn eða héraðsnefnd."

Ábendingar hafa komið frá nokkrum litlum sparisjóðum að óheppilegt sé að lögskylda þá til að fjölga stjórnarmönnum bæði vegna fámennis í viðkomandi byggðarlögum og aukins kostnaðar sem af fjölgun kann að hljóta. Því verði ákvæði greinarinnar um 5 stjórnarmenn aðalregla en heimilt að veita litlum sparisjóðum undanþágu frá aðalreglunni.

## Um 39. gr.

**3. töluliður.** Lagt er til að orðalaginu "að staðfesta" verði breytt í "að samþykkja". Ástæða þessarar ábendingar er sú að fram hafa komið skiptar skoðanir um það hvað felist í ákvæðinu. Til að taka af allan vafa um að við ráðningu staðgengils þurfi að vera samkomulag milli bankaráðs/sparisjóðsstjórnar annars vegar og bankastjóra/sparisjóðsstjóra hins vegar er tillagan fram komin enda er staðgengillinn helsti samstarfsmaður banka/sparisjóðsstjóra og jafnframt helsti trúnaðarmaður bankaráðs/sparisjóðsstjórnar í forföllum hins fyrirnefnda.

**Nýr 6 liður hljóði svo:** "Að taka ákvörðun um afskriftir útlána". Aðrir töluliðir breytist í samræmi við þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk bankaráða/sparisjóðsstjórna að taka ákvarðanir um útlánaafskriftir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þetta verði verkefni bankastjóra/sparisjóðsstjóra

Ákvörðun um afskrift útlána er í sjálfu sér ekki annars eðlis en fjölmargar aðrar ráðstafanir sem framkvæmdastjórar fyrirtækja taka og á það jafnt við um bankastarfsemi sem aðra starfsemi. Á það hefur þó verið bent að það geti verið tilefni óþarfa tortryggni að endanlegt mat á því hvort krafa töpuð sé á hendi þess hins sama

og ábyrgð bar á að til kröfunnar stofnaðist. Því væri heppilegra að bankastjórnir/sparisjóðsstjórnir taki ákvörðun í þessum málefnum.

### **Um 54. gr.**

Í greininni er fjallað um skilgreiningu á lausu fé. Upp eru taldar eignir sem teljast laust fé og eru m.a. taldir ríkisvixlar og aðrar sambærilegar nettó eignir með skemmri binditíma en 90 daga. Þessi 90 daga viðmiðun er síðan í engu rökstudd enda er það ekki einfalt mál. Við mat á lausu fé skiptir hins vegar öllu máli að unnt sé með tiltölulega skjótvirkum hætti að breyta eign í reiðufé en ekki hver upphaflegur binditími eignarinnar er. Eðlilegast er því að miða við að um markaðshæfa eign sé að ræða og að viðskipti með hliðstæðar eignir fari fram á Verðbréfafingi Íslands. Í dag er gerð krafa um að bankar og sparisjóðir hafi 12% af heildarráðstöfunarfé sínu í eignum sem falla undir skilgreiningu lauss fjár. Þröng skilyrði um form þessara eigna stýrir því þessu mikla fjármagni í þröngan farveg og hefur það mikil áhrif á vaxtakjör þessara eigna. Fjármunirnir skulu bundnir í þeim hvort heldur það skilar arðsemi eða ekki. Lág ávöxtun á þessu fé hefur því bein áhrif á vaxtamun og vaxtakjör í landinu.

### **XVII. kafli.**

#### **Gildistökuákvæði.**

### **Ný 103 gr.**

"Sparisjóðir stofnaðir fyrir gildistöku laga þessara sbr. l 87/1985 skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra".  
**Núverandi 103 gr. verði 104 gr.**

Nauðsynlegt er að inn í frumvarpið komi gildistökuákvæði sem kveði á um þann frest sem sparisjóðir hafa til að koma samþykktum sínum til samræmis við ákvæði frumvarpsins og má þar nefna t.d. fjölgun stjórnarmanna sem þarf að fara fram í all nokkrum sparisjóðum.

Á þessu stigi telur Samband sparisjóða ekki ástæðu til að koma fram með viðtækari tillögugerð. Hins vegar er það eindregin ósk sambandsins að fulltrúar þess fái tækifæri til að ræða við hæstvirta nefnd á sérstökum fundi um efni frumvarpsins, stöðu og hlutverk sparisjóðanna, Lánastofnunar sparisjóðanna og Tryggingasjóðs sparisjóða og skýra með þeim hætti afstöðu sparisjóðanna nánar en gert hefur verið hér að framan.

Lánastofnun sparisjóðanna, sem einnig hefur fengið erindi yðar um álit á frumvarpi þessu er sammála umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands ísl. sparisjóða

Sigurður Hafstein

Sigurður Hafstein

framkvstj.